

6. fundur stjórnar foreldrafélags Flataskóla þ. 05.02.2007 kl. 17:30.

Mættar: María og Þórleif

1. Landasýning. María er búin að tala við Ragnheiði fyrrv. ritara for.félagsins og hún er tilbúin að aðstoða við uppsetningu sýningarinnar. Foreldrar barna af erlendu bergi brotnu fengu bréf þegar þeir komu í foreldraviðtöl fyrr í mánuðinum. Voru þeir beðnir um að hafa samband við einhvern í stjórn foreldrafélagsins. Eitt foreldri hafði samband við Maríu, Hanna Guðlaug sem gift er frönskum manni og lýsti yfir áhuga á að taka þátt í sýningunni. Nú er næsta skref að hittast, þ.e. stjórnin, Ingibjörg bókaörður, Ragnheiður og Hanna Guðlaug til að skipuleggja og afmarka landasýninguna. María ætlar að finna tíma sem allir komast. Dagsetning og upplýs. um sýninguna verða síðan settar í fréttabréf foreldrafélagsins sem er í vinnslu þessa dagana.
2. Netfang, það er í vinnslu.
3. Heimasíða foreldrafélagsins. Rætt hefur um að taka hana verulega í gegn en þar sem verið er að vinna að miklum breytingum á heimasíðu skólans er betra að bíða aðeins með það.
4. Fræðslufundur foreldrafélagsins er búið að ákveða þ. 7. mars nk. María er búin að tala við formenn foreldrafélaga hinna grunnskólanna í Garðabæ og er búið að ákveða að halda fund sameiginlega, eins og í fyrra. Það sem fjalla á um eru hin ýmsu fjölskyldumunstur og ýmislegt sem því tengist, s.s ættleiðingar, nýbúar ofl. Búið er að fá 2 fyrirlesara, Valgerði hjá Stjúptengslum ehf og Eddu Ólafsdóttur, félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg. Einnig munu 3 aðilar lýsa persónulegri reynslu sinni af þessu efni. Kostn. er áætlaður allavega 50þús. Rætt hefur verið um að sækja um styrk til Garðabæjar en það verður skoðað betur síðar. Þetta verður auglýst í fréttabréfinu sem er í vinnslu.
5. Nefndir, samgöngunefnd og tómstundaheimilisnefnd. Ákveðið að ræða við þá aðila sem lýstu yfir áhuga á að sitja í þessum nefndum og biðja þá um að sjá um þessar nefndir. Best er að þeir sem vilja breytingar stýri þessum nefndum en stjórn foreldrafélagsins aðstoði eftir þörfum. Þessar nefndir þurfa að hittast, kynna sér málefnið og setja saman bréf til skólayfirvalda/bæjaryfirvalda þar sem vandamálin eru reifuð og helst hugmyndir að úrbótum. María talar við fólk úr Tómstundaheimilisnefndinni og Þórleif talar við þá sem skráðu sig í Samgöngunefndina. Síðan yrði sett í fréttabréfið sem er í vinnslu að þeir sem áhuga hafi á að starfa í þessum nefndum gefi sig fram við stjórn foreldrafélagsins.
6. Aðalfundur foreldrafélagsins. Ákveðið að hann verði í 2. viku maí mánaðar nk. María talar við Sigurveigu skólastjóra hvort sú dagsetning rekist á við annað sem í gangi er í skólanum á þeim tíma. Síðan þarf að ákveða með hvaða sniði aðalfundurinn er, það hefur jú gengið illa að fá foreldra til að mæta á aðalfundina. Verður skoðað mun betur eftir landasýninguna.

7. Skólafatnaður. Ásgerður er búin að kanna verðin hjá Henson. María er búin að ræða þetta við formenn foreldrafélaganna í hinum grunnskólum bæjarins og áhugi er mikill fyrir því að gera sameiginleg innkaup. Aðrir framleiðendur sem ræða á við eru Jakó, Hummel og 66°N. María ætlar að biðja Ásgerði að ræða við þá aðila. Mestur áhugi er á síðerma og stuttermabolum en einnig á göllum, þ.e. buxum og rennilásapeysum.
8. Ákveðið að stjórn foreldrarfélagsins hittist aftur 12. mars nk. til en á næstu dögum þarf að hittast vegna landasýningarinnar, María sér um að boða á þann fund.